



Iðnaðarráðuneytið
Kristján Skarphéðinsson
Arnarhvoli
150 REYKJAVÍK

Iðnaðarráðuneytið				
Málm.	ISN	12020066	Ádm.	ESG
Bilkr.		2.2.1	Áðnr.	IMP
Nét.		29.05.2012	Feskj.	
Ábs.			Trúnm.	

Reykjavík, 25. maí 2012
EBG/hó

Efni. Mótun stefnu um lagningu raflína í jörð
Tily. 2012040003

Með bréfi iðnaðarráðuneytisins, dags. 23. mars 2012, var þess farið á leit við Bændasamtök Íslands að þau sendu athugasemdir og ábendingar til nefndar umhverfisráðherra um mótun stefnu um lagningu raflína í jörð.

Á vettvangi samtaka bænda hefur mikið verið fjallað um raflínur í jörð á undanförunum árum. Með bréfi þessu verður helstu sjónarmiðum Bændasamtaka Íslands komið á framfæri við nefndina. Bændasamtök Íslands áskilja sér rétt til þess að koma frekari ábendingum á framfæri við nefndina á síðari stigum.


1. Bændum er ekki skylt að þola að veitur séu lagðar um eignarlönd þeirra án samninga eða eignarnáms. Það er nauðsynlegt að bætur komi ekki einungis fyrir jarðrask og kvaðir vegna takmörkunar á afnotamöguleikum viðkomandi eignar, heldur einnig fyrir áhættu sem felst í því að hafa jarðstrengi á landi sínu. Mikil áhætta felst í því að hafa slíka strengi á landi, einkum vegna strangrar ábyrgðarreglu, 3. mgr. 71. gr. laga nr. 81/2003, um fjarskipti. Til dæmis getur þurft að taka tillit til hækkunar á iðgjöldum ábyrgðartrygginga bænda vegna aukinnar áhættu við framkvæmdir sem geta valdið tjóni á jarðstrengjum.
2. Í 3. mgr. 71. gr. fjarskiptalaga er að finna reglu um öfuga sönnunarbyrði, þannig að meintur tjónvaldur, í þessu tilviki bóndi eða landeigandi, þarf að sanna að fyllstu aðgæslu hafi verið gætt. Lagning jarðstrengja um eignarlönd felur í sér mikla skerðingu á viðkomandi eign og óásættanlegt að um tjón á slíkum jarðstrengjum gildi annað en almennar reglur skaðabótaréttar. Það er algjör lágmarkskrafa að sönnunarbyrðinni verði snúið við.
3. Nauðsynlegt er að binda í lög ákvæði um merkingu jarðstrengja eða að öðrum kosti fjalla um slíkt í samningum milli eigenda jarðstrengja og bænda. Eins og áður hefur komið fram felst mikil áhætta í því fyrir bændur að hafa jarðstrengi á landi sínu og þá er óhjákvæmilegt að skylda til þess að merkja hvar jarðstrengir liggja sé ótvíræð og að eigendum þeirra verði gert að viðhalda slíkum merkingum.

4. Bændasamtökin telja óhjákvæmilegt að við mótun stefnu um lagningu raflína í jörð að farið verði yfir, og eftir atvikum endurskoðaðar, bótafjárhæðir sem eigendur slíkra jarðstrengja nota. Bændasamtökin hafa áður fjallað um möguleika þess að eigendur jarðstrengja greiði landeigendum árlega leigu fyrir landnot og telja þá leið raunhæfan kost í þessu samhengi. Nauðsynlegt er að hafa í huga að verið er að setja kvaðir á land um ókominn tíma.
5. Það er mikilvægt að aðkoma bænda og landeigenda verði tryggð á fyrstu stigum þess að fyrirhugað er að leggja jarðstrengi um lönd þeirra. Tryggja verður samráð við bændur og landeigendur allt frá því hugmynd um lagningu jarðstrengs kemur upp. Þá þarf að gera ráð fyrir því að bændur og landeigendur fái kostnað sinn vegna hagsmunagæslu frá fyrstu stigum bættan.

Bændasamtök Íslands gera ráð fyrir því að haft verði frekara samráð við þau vegna vinnu nefndarinnar og eru reiðubúin til þess að veita frekari upplýsingar ef eftir því verður óskað.

Virðingarfyllst

f.h. Bændasamtaka Íslands



Elías Blöndal Guðjónsson lögfr.